NORÐUR-BOTN
Breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breyting á deiliskipulagi

Skipulags- og matslýsing

Lýsing á skipulagsverkefni

Samkvæmt 30. og 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

06. september 2019



VERKNÚMER:	16176	DAGS.:	**2019.09.06**
VERKÞÁTTUR:	**002**	NR.:	**1**
VERKEFNISSTJÓRI:	EBK	YFIRFARIÐ:	GPEy
HÖFUNDUR:	GRJ		

Efnisyfirlit


Efnisyfirlit ii
1 Inngangur 1
1.1 Aðdragandi og markmið 3
1.1.1 Matsskylda 3
1.1.2 Umhverfismat áætlana 3
2 Tengsl við aðrar áætlanir 4
2.1 Skipulagsáætlanir 4
2.1.1 Tengsl skipulagsáætlana inna sveitarfélagsins 4
2.1.2 Tengsl við aðrar áætlanir 5
3 Skipulagssvæðið 5
3.1 Núverandi nýting 6
3.2 Núverandi starfsemi 6
3.3 Menningarminjar 6
3.4 Náttúrufar og náttúruminjar 7
3.5 Náttúruvá 7
4 Skipulagsforsendur og breytingar á skipulagi 8
5 Umhverfismat 8
5.1 Áhrifaþættir 8
5.2 Umhverfisþættir 9
5.3 Viðmið og vísar til grundavallar umhverfismati 9
5.4 Valkostir 11
5.5 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og reksturs 11
6 Skipulagsferlið og tímaáætlun 12
7 Umsagnir og samráð 13
8 Heimildir 14

1 Inngangur

Sveitarfélagið Tálknafjörður hyggst vinna breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018. Fyrirhuguð skipulagsbreyting tekur til þess hluta gildandi aðalskipulags sem snýr að seiðaeldi á landareigninni Norður-Botn. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður gerð breyting á deiliskipulagi Norður-Botns. Afmörkun breytingarinnar er aðeins hluti skipulagssvæðis gildandi deiliskipulags. Deiliskipulagið mun taka mið af staðháttum, s.s. náttúruvá, minjum, lífríki og landslagi sem og ákvörðun Skipulagsstofnun um matskyldu framkvæmdarinnar.

Fyrirhuguð skipulagbreyting mun fela í sér að hámarksframleiðsla í Norður-Botni eykst úr 400 t í 2000 t á ári og stækkun byggingarreits um 4,5 ha til suðurs. Byggingarmagn eykst töluvert en stækkun stöðvarinnar gerir ráð fyrir Tíu húsum sem hvert um sig er með um 4.000 m^3 kerjarými innanhúss eða samtals 45.000 m^3. Í hverju húsi verða fjögur sjálfstæð kerfi með hreinsistöðvum. Lokið er við byggingu þriggja húsa (húsa H1, H3 og H4) og er það fjórða í vinnslu og mun standa þar sem seiðaeldisstöðin stendur nú í dag. Sex Fjögur ný hús verða reyst sunnan við núverandi byggingar. Aukið umfang starfseminnar kallar á betrumbætt hreinsunar- og endurnýtingarkerfi, samhliða uppsetningu keranna hefur verið standsett svonefnt RAS kerfi (Recirculating Aquaculture System). Breytingar verða gerðar á uppdrætti og greinargerð eftir því sem tilefni er til.

Bæði aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagsbreytingin eru háð umhverfismati áætlana. Í úrskurði sínum frá 9. desember 2016 metur Skipulagsstofnun það svo að framkvæmdir Arcitc Smolt hf við uppbyggingu svæðisins séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Samhliða skipulagsvinnunni verður unnið umhverfismat fyrir hvort skipulagsstigið fyrir sig. Nánar er fjallað um gerð umhverfismatsins í kafla 5. Gildandi deiliskipulag tók gildi 28. nóv. 2014 en breyting á því tók gildi 5. okt. 2017 og er það í samræmi við Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 m.s.br. en skipulagið gerir ráð fyrir seiðaeldi auk afleiddri starfsemi.



Mynd 1 - Mörk deiliskipulagsbreytingar eru sýnd með rauðri brotalínu. Mörk hluta gildandi deiliskipulags eru sýnd með svartri brotalínu (Grunnkort: Loftmyndir eh, samsett mynd).

1.1 Aðdragandi og markmið

Arctic Smolt hf áformar að auka framleiðslugetu seiðaeldisstöðvarinnar í Norður-Botni. Gert er ráð fyrir að framleiðslugetan aukist úr 400 t á ári í 2.000 t. Arctic Fish (áður Dýrfiskur hf.) móðurfélag Arctic Smolt hf. hefur haft starfsemi á svæðinu frá 2011 en á jörðinni hefur verið stundað fiskeld frá síðari hluta síðustu aldar, þó með hléum.

Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 var staðfest 15.12.2006 og er þar gert ráð fyrir fiskeldi í botn Tálknafjarðar á iðnaðarsvæði I-3. Breytingar voru gerðar á Aðalskipulaginu 2014 þ.á.m. sökum stækkunar fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni. Jafnframt var þá unnið deiliskipulag og umhverfismat fyrir skipulagssvæðið en það hafði ekki legið fyrir.

Markmið skipulagsbreytinganna er að gera mögulegt að stækka seiðaeldisstöðina í Norður-Botni. Þetta er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um iðnaðarsvæði en sveitarfélagið vill stuðla að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Markið deiliskipulagsins er skapa svigrúm fyrir aukna afkastagetu sem og hagkvæmari og umhverfisvænni framleiðslu. Þá er einnig markmið að uppbyggingin og reksturinn valdi eins lítilli röskun á umhverfinu og kostur er, bæði til lengri og skemmri tíma.

1.1.1 Matsskylda

Fyrirhuguð stækkun og aukning á starfsemi Arctic Smolt hf er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nánar er fjallað um matskyldu í kafla 5.

1.1.2 Umhverfismat áætlana

Skipulagsáætlanir eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Þar af leiðandi fellur aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagsbreytingin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisskýrsla verður því unnin samhliða skipulagsbreytingunum. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5. Umhverfismat áætlana.

2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1 Skipulagsáætlanir

Gildandi deiliskipulag á svæðinu var staðfest 30.09.2014 og tók gildi 28.11. sama ár. Aðliggjandi skipulagssvæðinu er deiliskipulag fyrir virkjun í Kelduá. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 var staðfest 15.12.2006 en samkvæmt því er skipulagssvæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I-3 og efnistökusvæði E-2. Breyting á aðalskipulaginu með tilliti til deiliskipulags fyrir Norður-Botn tók gildi 13.05.2014.

2.1.1 Tengsl skipulagsáætlana inna sveitarfélagsins

Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018

Í gildandi Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 er skilgreint iðnaðarsvæði, merkt I-3 í landi Norður-Botns. Árið 2014 voru gerða breytingar á skipulaginu með tilliti til deiliskipulagsbreytingar í Norður-Botn. Í kafla 2.3.3 um iðnaðarsvæði kemur fram að gert sé ráð fyrir þauleldi. Lýsing svæðisins (I-3) er eftirfarandi:


> *„Gerð er breyting á kafla 2.3.3 um iðnaðarsvæði þar sem bætt verður við umfjöllun um fjögur ný iðnarsvæði í landi Neðri-Botns og svæði I3 stækkar. Breytingin er gerð vegna fyrirætlana um fiskeldi og framkvæmda því tengdu. Um er að ræða tvö ný svæði fyrir borholur I10 og I12 en lagnir frá nýjum holum verða sameinaðar núverandi lagnaleið. Stækkun á svæði I3 þar sem stækka á núverandi eldisstöðvar og nýtt svæði , I11, fyrir eldisstöð. Áætluð ársframleiðsla fiskeldisstöðvarinnar er 400 t. Smávirkjun á svæði I9 þar sem reiknað er 25-40 KW smávirkjun. Í skipulagslýsingu kom fram að virkjunin væri 2-3 kW en þar var um að ræða villu þar sem standa á í stað 20-30 kW í stað 2-3 kW. Við frekari skoðun var ákveðið að auka afköstin upp í 40 kW. Virkjunin verður staðsett á landamörkum Norður-Botns og Eysteinseyrar en áætluð stærð lóns er 30 m2. Neðan virkjunar mun áin þorna upp á vissum tímum en yfirfall er þó á stíflunni sem er 9 metra breið og 1,4 metra há þar sem hún er hæst. Lónið er í árfarvegi árinnar og þannig mun land ekki raskast vegna þess. Vatnið er leitt í rafstöð sem verður staðsett Eysteinseyrarmegin við Kelduá en heimilt er að leiða affallsvatn sem ekki nýtist frá stöðvarhúsi stystu leið til sjávar. Vatnið verður leitt í niðurgrafinni pípu en lögð er áhersla á vandaðan frágang en varðveita á efsta svarflagið af pípustæðinu þannig að gróður nái sér á strik aftur. Engin fiskur er í Keldá.“*

Efnistökusvæði E-2

Í gildandi Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 er skilgreint efnistökusvæði, merkt E-2 í landi Norður-Botns. Í kafla 2.3.4 um efnistökusvæði kemur fram að setnáma er á Hjallatúni í við árfarvegi Botnár, neðan Bíldudalsvegar. Þar kemur fram skipulagið geri ráð fyrir að efnistaka fari fram á skipulagstímanum.

Deiliskipulag Norður-Botn

Gildandi deiliskipulag á svæðinu er í samræmi við aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.



Mynd 2 - Skipulagsuppdráttur Aðalskipulags Tálknafjarðar 2006-2018, iðnaðarsvæði I-3 og efnistökusvæði E-2

2.1.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 leggur áherslu á að bæta innviði og samkeppnisstöðu Vestfjarða með aukinni nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulífi. Framkvæmdin samræmist þeim áherslum. Fyrirhuguð breyting á aðalskiplaginu er í samræmi við meginstefnur Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Ekkert svæðisskipulag er að finna á Vestfjörðum. Deiliskipulagsvæðið, liggur ekki að sveitarfélagsmörkum Vesturbyggðar og tekur því ekki mið af þeirri áætlun.

3 Skipulagssvæðið

Skipulagsbreytingin tekur til hluta svæðis gildandi deiliskipulags, auk stækkunar til sjávar og er um 40 ha. Svæðið sem breytingin tekur til er allt neðan þjóðvegar en nær lengra til sjávar en gildandi skipulag vegna úrbóta á fráveitu. Gildandi deiliskipulag tekur til hluta jarðarinnar Norður-Botns sem er staðsett í botni Tálknafjarðar. Skipulagssvæði gildandi deiliskipulags er 130 ha að stærð en þar er starfrækt seiðaeldi. Deiliskipulagið tekur til svæðis í botni fjarðarins frá Keldeyri, um heimatúnin vestur fyrir Botnsá og fram dalinn þar sem núverandi borholur og vatnslagnir eru. Hjallatún er utan skipulagssvæðisins sem liggur að öðru leyti fjarri landamerkjum. Eldið fer fram í fjórum byggingum sem standa á heimatúni Norður-Botns. Eldistjarnir sem eru í fjörunni hafa fallið úr notkun.

Mannvirkin, sem hafa verið byggð upp á síðustu árum er hönnuð með hliðsjón af starfseminni en fyrr mannviki sem leyst voru af hólmi voru farin að láta á sjá, einkum þau sem stóðu nærri sjó. Svæðið einkennist af túnum og talsverðar leirur eru í fjarðarbotninum. Inn af honum er Botnsdalur sem er nokkuð flatlendur og einkennist af áreyrum er innar dregur, þar sem Botnsá rennur. Hlíðarnar eru fremur ávalar og lynggrónar.

Aðliggjandi jarðir eru Eysteinseyri að norðanverðu og Höfðadalur að vestanverðu en að sunnanverðu nær jörðin að sveitarfélagsmörkum á heiðum. Landamerki Norður-Botns og Eysteinseyrar eru í Kelduá en önnur landamerki liggja fjær skipulagssvæðinu. Í landi Norður-Botns er einnig landspildan Hjallatún og er hún sýnd á skipulagsuppdrætti (Mynd 1).

Á jörðinni hefur verið starfrækt fiskeldi allt frá síðari hluta síðustu aldar, þó hefur orðið hlé á rekstrinum á tímabilum. Norður-Botn hefur verið í eyði sem bújörð frá árinu 1966.

Um skipulagssvæðið liggur þjóðvegur 63 Bíldudalsvegur, en vegurinn liggur frá Patreksfirði til Tálknafjarðar og Bíldudals. Gönguleiðir liggja annars vegar um fjarðarbotninn og vestur Botnsheiði og hins vegar að austanverðu á Miðvörðuheiði.

Í gildandi Aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I-3 og efnistökusvæði E-2 auk þess eru skilgreind svæði fyrir borholur.

3.1 Núverandi nýting

Samkvæmt fasteignaskrá eru 8 mannvirki á svæðinu sem tilheyra seiðaeldinu, samtals 12.408,9 m^2 og er það innan ramma núverandi skipulags en það gerir ráð fyrir hámarks byggingarmagns uppá 15.000 m^2. Mannvirkin samanstanda af rafstöð (b.á. 2016) og þremur skemmum (b.á. Skemma H1 2016, Skemma 2017 og Skemma H3 2018). Að auki eru eru 11 útiker sem reyst voru á árunum 2016 og 2018 og fjórar borholur innan byggingarreits.

Arctic Smolt hf (600212-2570) er með starfsleyfi fyrir 1.000 t ársframleiðslu af laxa- og regnbogasilungsseiðum (að hámarki 1.000 t af lífmassa á hverjum tíma). Á jörðinni eru borholur 15 talsins, þar af 11 heitavatnsholur og 4 kalavatnsholur, tvær kaldavatnsholur er einnig utan þess.

Innan jarðarinnar, efst á Keldeyri og utan skipulagssvæðisins, er aðveitustöð Landsnets og Orkubús Vestfjarða. 66k lína liggur frá Mjólká í Arnarfirði í aðveitustöðina um Dufandalsheiði og áfram yfir leirur í fjarðarbotninum til Patreksfjarðar. 33kV lína liggur til Bíldudals og 11kV lína liggur út með Tálknafirði.

Lítil virkjun/rafstöð er í landi Hjallatúns, þar sem vatn er leitt úr Reyðarlæk, utan skipulags- svæðisins. Vatni frá henni er veitt í núverandi eldisstöð í Norður-Botni.

Fimmtán borholur eru á jörðinni, ellefu heitavatnsholur og fjórar kaldavatnsholur. Allar heitavatnsholurnar og tvær kaldavatnsholur eru innan skipulagssvæðisins en tvær kaldavatnsholur eru utan þess. Vatnsnotkunin er rúmlega 300 l/sek að jafnaði. Vatnsnotkunin í Norður-Botni miðað við gegnumstreymi hefur verið um 250 l/sek þegar lífmassinn var í hámarki.

3.2 Núverandi starfsemi

Arctic Smolt hf. rekur fiskeldi í núverandi byggingum og eldistjörnum á jörðinni og starfar eftir rekstrarleyfi Matvælastofnunar til fiskeldis, nr. FE-1126. Leyfið sem var útgefið 22.12.2017 heimilar kynslóðaskipt sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Rekstarleyfið heimilar hámarksframleiðslumagn uppá 6.800 t. Hámarkslífmassi 7.800 t, nánar til tekið 3.400 t fyrir hvort eldi fyrir sjókvíeldissvæði. Starfsleyfi til framleiðslu á laxa- og regnbogasilungaseiðum var veitt af Umhverfisstofnun 10.01.2019.


Árið 2017 var framleiðslan 85,8 t eða 637 þúsund seiði, framleiðslan var 192,6 t eða 1.759 þúsund seiði árið 2018. Áætlun framleiðsla fyrir árið 2019 er 3.200 þúsund seiði eða samtals 490 t. Fráveita og meðhöndlun úrgangs er í samræmi við veitt starfsleyfi.

3.3 Menningarminjar

Ragnar Edvarsson fornleifafræðingur framkvæmdi fornleifakönnun á skipulagsvæðinu haustið 2012 fyrir Dýrfisk hf. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að Norður-Botn hafi verið í byggð frá 11. öld.

Heimildir eru um 22 minjastaði á jörðinni en við könnun reyndist aðeins unnt að staðsetja 7 þeirra. Auk þess fundust 3 minjastaðir við vettvangskönnun sem ekki voru til heimildir um. Minjarnar eru ekki friðlýstar en njóta engu að síður friðunar skv. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Talið er líklegt að nokkrir minjastaðir hafi orðið fyrir raski við eldri framkvæmdir á svæðinu. Við seinnitíma framkvæmdir hefur verið tekið tillit til minjastaða og framkvæmdarsvæðin hafa færð, til að minnka hættu á frekara raski.



Mynd 3 - Skráðir minjastaðir í landi Botns í Tálknafirði

3.4 Náttúrufar og náttúruminjar

Gróðurfar á svæðinu er lítt raskað og í viðlíka ástandi og er að finna á nærliggjandi svæðum. Allir heitt vatn á svæðinu er fengið úr borholum og er því ekki um að ræða sérstætt vistkerfi sem tengist jarðvarma. Svæðið ber þess merki að þar hafi verið stundaður landbúnaður á fyrri tíð.

Leirur er að finna í botni fjarðarins og hafa þær ekki orðið fyrir raski. Lífríki svæðisins er álitið sé svipað og víðast á sunnanverðum vestfjörðum. Lax gengur í Botnsá síðsumars og sumarið 2014 framkvæmdi Böðvar Þórisson athugun á því hversu langt fiskgengi árinnar er. Skv. niðurstöðunum er það um 3 km eða að mynni Botnsgljúfurs. Ekki er gengt í Kelduá.

Engar náttúruminjar eru skráðar í landi Norður-Botns.

3.5 Náttúruvá

Skipulagssvæðið hefur verið metið með tilliti til hættu vegna ofanflóða í samræmi við lög nr. 49/1997. Veðurstofa Íslands vann áhættumatið og bárust niðurstöður 30.12.2012. Stofnunin telur að ekki sé þörf á formlegu ofanflóðahættumati enda sé athafnasvæðið vel staðsett m.t.t. ofanflóða.

Áhætta vegna hækkunar sjávar eða sjávarflóða hefur ekki verið metin á skipulagssvæðinu. Ljóst er að sjávarborð mun hækka í framtíðinni auk þess sem landssig er víða þekkt á Vestfjörðum. Tálknafjörður er þó meðal þeirra svæða þar sem lítil hætta er á landbroti og sjávarflóðum. Þar sem sem skipulagssvæðið er í botni fjarðarins er álitið að flóðahætta sé lítil þar sem skjól er að finna frá úthafsöldunni. Gólfkóti bygginga er í um 5 m hæð yfir sjávarmáli og þrátt fyrir nálægð við sjó er landhæð álitin það mikil að ekki er líklegt að hætta stafi af hækkun sjávarborðs á líftíma mannvirkjanna.

4 Skipulagsforsendur og breytingar á skipulagi

Fyrirhugaðar eru talsverðar breytingar á seiðaeldisstöðinni í Norður-Botni, þar sem elstu mannvirkin verða leyst af hólmi með nýjum og fullkomnari húsakosti. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir tvöföldun á byggingarmagnsheimild úr 15.000 m^2 í 45,000 m^2. Breytingar í rekstrinum fela einnig í sér endurbætur á hreinsunar- og endurnýtingabúnaði sem felur meðal annars í sér minni þörf á vatnsnotkun. Einnig er gert ráð fyrir trjárækt vestan við Botnsá í hlíðinni fyrir neðan Nóngil.

Stefnt er að uppbyggingu starfseminnar í tíu eldishúsum sem hvert um sig er með 4.000 m^3 kerjarými innanhús eða 40.000 m^3 Í heildina. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta eldisins aukist úr 400 t í 2.000 t við þær breytingar. Þegar hafa þrjár af skemmunum verið tekin til nota og mun það fjórða leysa gömlu seiðaeldisstöðina af hólmi og verður staðsett á grunni þess. Um blandað eldi á laxa- og regnbogasilungsseiða er að ræða.

Framleiðsla Arctic Smolt miðast við tvo stofna þ.e. regnbogasilung (Onchorhyncus mykiss) og (Salmo Salar). Regnbogasilungsstofninn er fluttur inn sem augnhrogn frá Danmörku og er sjúkdómalaus, ennfremur er hann kynbættur fyrir sjúkdómsþoli, kynþroska, vaxtarhraða og seltuþols. Laxinn er einnig fluttur inn sem augnhrogn og er kynbættur fyrir vaxtarhraða og kynþroska.

Aðeins er keypt fóður sem uppfyllir kröfur ASC og standast vottun samkvæmt GLOBALGAP staðlinum. Frárennsli og meðhöndlun úrgangs verður í samræmi við ströngustu kröfur og verður fyrirtækið það eina á landinu sem nýtir RAS (Recirculating Aquaculture System) hreinsibúnað. Endurnýting vatns verður samkvæmt Arctic Smolt yfir 90% og aðeins lítil hluti útgangsvatns berast beint til sjávar. Mestur hluti næringarefna, úrgangs og fóðurleifa verða hreinsuð í framleiðsluferlinu með tromlusíum og verður dælt í settjörn. Fyrirætlanir eru um það að nýta úrganginn sem áburðarefni í framtíðinni. Urðun annars lífræns- og ólífrænum úrgang er í höndum Gámaþjónustu Vestfjarða.

Við breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi er tekið mið af upplýsingum um hækkandi sjávarborð og hugsanlegum áhrifum þess.

5 Umhverfismat

Skv. lið 1.11 í 1 viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. skal þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 t eða meira tilkynnt Skipulagsstofnun.

Þar sem fyrirhugaðar aðgerðir eru tilgreind í viðauka ofangreindra laga er hún jafnframt matskyld skv. lögum um umhverfisvernd áætlana nr. 106/2006. Skv. lögunum skal metið hvaða áhrif skipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Hluti af því ferli er gerð þessarar matslýsingar, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismatinu við breytingu aðalskipulagsins og deiliskipulagsins. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í skipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum þessa mats.

5.1 Áhrifaþættir

Þeir þættir skipulagsbreytinganna sem eru taldir hafa áhrif á umhverfið eru svokallaðir áhrifaþættir, þeir eru misjafnlega umfangsmiklir og tekur matið mið af því. Ríkust áhersla verður lögð á þau tilvik þar sem búast má við hvað mestum áhrifum af aðalskipulagsbreytingunni og/eða framfylgd

deiliskipulagsins. Áhersla verður lögð á að meta áhrifin heildstætt, þ.e. að tekið verði tillit til allra þeirra umhverfis- og áhrifaþátta sem skipt geta máli við matið.

Áhrifaþættir sem teknir verða til skoðunar í umhverfismati skipulagsbreytinganna eru framkvæmdir á skipulagssvæðinu, byggingar og önnur mannvirki, þ.m.t. tímabundin mannvirki, mengunarhætta og efnistökusvæði.

5.2 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir umhverfismatsins sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Til að hægt sé að meta umfang og vægi áhrifa eru skilgreind viðmið sem m.a. er að finna í lögum og reglugerðum, skipulagsáætlunum og stefnuskjölum stjórnvalda. Umhverfisvísar verða notaðir til að meta ástand umhverfisþáttanna. Taflan á næstu síðu sýnir umhverfisþætti, viðmið og vísa sem áætlað er að byggja matið á.

Í lögum um umhverfismat áætlana er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleif, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“ Val á umhverfisþáttum tekur mið af því.

5.3 Viðmið og vísar til grundavallar umhverfismati

Áhrif áætlana á tiltekna umhverfisþætti eru metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins. Umhverfisviðmið og vísar, sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem skipulagsbreyting hefur í för með sér, eru sýnd í töflu 5.1.

Tafla 5.1. Umhverfisþættir, vísir og viðmið.

Umhverfisþættir	Vísar	Viðmið
Atvinnulíf, þjónusta og íbúaþróun Aukin starfsemi getur eflt atvinnulífið í sveitarfélaginu og haft áhrif á aðra þróun innan þess.	Staða atvinnulífs Hagvöxtur Fjölbreytni Þjónustustig Íbúafjöldi	Sóknaráætlun landshluta Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Byggðaáætlun fyrir Vestfirði
Eignir og efnisleg verðmæti Framkvæmdir geta haft áhrif á gildi eigna, m.a. vegna truflunar, breyttrar ásýndar eða aukinnar eftirspurnar.	Þróun fasteignaverðs Nýting mannvirkja	Fasteignamat Samanburður við önnur verðmæti
Landslag Framkvæmdir breyta ásýnd svæðisins. Sjónrænt áhrifasvæði getur verið stórt.	Ásýnd Fágæti Nýtingarsaga	Náttúruminjaskrá Evrópski landslagssáttmálinn
Mannvirki, menningarminjar og saga Framkvæmdir geta raskað sögu- og menningarminjum	Hættumat fornleifa Ásýnd Staðsetning mannvirkja Byggingarstíll	Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Þjóðminjalög nr. 107/2001
Gróður og dýralíf Affall til sjávar frá fiskeldi og hugsanleg mengunarslys geta haft áhrif á lífríki sjávar, jafnvel líffræðilega fjölbreytni á svæðinu. Framkvæmdir geta haft áhrif á gróður og dýralíf, s.s. truflun á dýralífi og skerðing á ákveðnum gróðurlendum eða plöntutegundum.	Fiskgengd Tegundir á válista Rask á vistkerfi Búsvæði fugla	Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994
Vatn Öflun heits og kalds vatns getur haft áhrif á vatnsbúskap sem og jarðfræðilega og líffræðilega þætti.	Vatnsgæði Vatnsrennsli	Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Vatnalög nr. 20/2006 Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 m.s.br.
Innviðir, heilsa og öryggi Hugsanleg hækkun sjávarborðs hafa áhrif á öryggi. Aðgengi að innviðum, s.s. samgöngum, raforku og neysluvatni hefur áhrif á starfsemina.	Hækkun sjávarborðs Aðgengi og gæði innviða	Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018
Útivist og upplifun Framkvæmdin getur haft áhrif á aðgengi að útivist og upplifun á svæðinu. Útivist og upplifun íbúa og gesta eru ein af forsendum fyrir lífsgæðum.	Aðgengi	Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018

5.4 Valkostir

Skipulagsbreytingarnar munu fela í sér breytingar sem lýst er í kafla 4. Metin verða líkleg veruleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar sem og raunhæfra valkosta við hana. Í umhverfismati deiliskipulagsins verða metin áhrif framfylgdar deiliskipulagsins miðað við ástand svæðisins í dag.

Við mat á umhverfisáhrifum skipulagsbreytinganna verður fjallað um eftirfarandi valkosti:

- Óbreytt ástand (takmörkuð starfsemi í þeim nýju byggingum sem búið er að reisa en án frekari uppbyggingar)
- Frekari uppbygging, stækkun eldisstöðvar og endurnýjun á framleiðsluferlum
- Uppbygging á öðrum stað

5.5 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og reksturs

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. Viðauka laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að vera eða eru matskyldar. Framkvæmdirnar eru flokkaðar í A, B og C og eru framkvæmdir í A flokki ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Í flokki B og flokki C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 2. viðauka laganna.

Fyrirhuguð stækkun og aukning á starfsemi Arctic Smolt hf er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. ofangreindra laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tölulið 1.11 í 1. viðauka fellur framkvæmdin í B flokk þar sem segir:

,,Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.“

Skipulagsstofnun var send tilkynning frá Arctic Smolt hf um stækkun leyfis fyrir 1000 t seiðaeldisstöð í Norður-Botni þann 21. október 2016. Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknarstofu, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu, Tálknafjarðarhrepps, og Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun skilaði ákvörðun sinni 9.12.2016 og er niðurstaðan að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Frestur til að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar var til 11. janúar 2017 og á þeim tíma bárust engar athugasemdir.

6 Skipulagsferlið og tímaáætlun

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd kallar á breytingu á gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi er unnin sameiginlega lýsing fyrir bæði verkefnin. Breytingin er unnin í samræmi við VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 sem og skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. töflu 1 að neðan.

Breytingin á aðalskipulaginu og deiliskipulaginu falla undir lög nr. 105/2006 um umhverfismatáætlana. Vegna þessa er þörf á að gera matslýsingu vegna skipulagsbreytinganna skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lýsing skipulagsverkefnanna og viðeigandi matslýsingar eru sameinaðar í samræmi við 4.2.2. gr. og 5.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Breyting á gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi verða unnin samhliða og þau kynnt og auglýst samtímis þannig að almenningur og umsagnaraðilar fái eins skýra mynd af áætluninni og kostur er.

Tafla 6.1. Tímaáætlun

	Verkþáttur
September 2019	Skipulags- og matslýsing lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar.
Október 2019	Skipulags- og matslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum.
Nóvember 2019	Drög að aðal- og deiliskipulagsbreytingu kynnt.
Desember 2019	Tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingu samþykkt í sveitarstjórn.
Janúar 2019	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.
Febrúar 2020	Tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingu auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti.
Mars 2020	Tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingu samþykkt í sveitarstjórn.
Apríl 2020	Afgreiðsla sveitarstjórnar og skipulagsbreytingar send til Skipulagsstofnunar.
Apríl 2020	Samþykkt breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og deiliskipulagsbreyting auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Gildistaka.

7 Umsagnir og samráð

Umsagnaraðilar um lýsingu verkefnisins eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Matvælastofnun
- Fiskistofa
- Veðurstofa íslands
- Samgöngustofa
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Orkubú Vestfjarða

Við vinnu skipulagsins verður að auki leitað til samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til. Skipulagstillagan verður aðgengileg á vefsíðu Tálknafjarðarhrepps (www.talknafjordur.is). Að öðru leyti verður skipulagsferlið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

8 Heimildir

1. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.
2. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Aðalskipulagsbreytingar. Breytingar í Norður-Botni. Greinargerð og Umhverfisskýrsla. 13. maí 2014. Tálknafjarðarhreppur.
3. Deiliskipulag Norður-Botn, 23. október 2014. Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Tálknafjarðarhreppur.
4. Úrskurður Skipulagsstofnunar, 9. desember 2016. Stækkun á seiðastöð Arcitc Smolt hf að Norður-Botni, Tálknafirði – Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun. Reykjavík.
5. Böðvar Þórisson, ágúst 2014. Athugun á búsvæðum og seiðabúskap í Botnsá í Norðurbotni í Tálknafirði. Unnið fyrir Dýrfisk. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 11-14.
6. Minnisblað ÞHH 23. ágúst 2012. Um borholurnar í Norðurbotni í Tálknafirði. ÍSOR.
7. Ragnar Edvardsson, október 2012. Fornleifakönnun á minjum í landi Norður-Botns í Tálknafirði. Unnið fyrir Dýrfisk hf.
8. Rekstrarleyfi til fiskeldis. Rekstrarleyfisnúmer: Nr FE-1126, Arctic Smolt hf. Útgefið af Matvælastofnun 22. desember 2017.
9. Starfsleyfi til framleiðslu á laxa- og regnbogasilungaseiðum. Arctic Smolt hf. Útgefið af Umhverfisstofnun 10. janúar 2017.
10. Arnór Gústavsson, október 2016. Tilkynning Arctic Fish um stækkun leyfis fyrir seiðastöð Arcitc Smolt í Norður-Botni í Tálknafirði.
11. Tölvupóstur frá Jóni Gunnari Egilssyni, Veðurstofu Íslands þann 30. ágúst 2012: Fyrirspurn um nauðsyn ofanflóðahættumats fyrir fiskeldisstöð í botni Tálknafjarðar.
12. Þórólfur H Hafstað og Kristján Sæmundsson 2001. Norðurbotn í Tálknafirði. Um ferskvatnsöflun fyrir fiskeldi. Orkustofnun.
13. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
14. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
15. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
16. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
17. Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
18. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
19. Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.
20. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.